



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Engjaseli***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði:

- Að óheimilt verði að leggja í suðausturkanti Engjasels, frá botni botnlangans að Seljabraut.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Það hefur borið talsvert á því að bifreiðum sé lagt í akbraut suðaustanmegin í Engjaseli, en í dag er óheimilt að leggja í norðvesturkanti götunnar. Íbúar á svæðinu hafa óskað eftir því að óheimilt verði að leggja beggja vegna akstursstefnu í umræddri götu, enda hafa bifreiðar sem þar hafa verið lagðar meðal annars hindrað störf slökkviliðs. Gatan er aðeins um 6 m breið svo hún rúmar ekki að lagt sé í henni á sama tíma og ökutæki þurfa að geta mæst. Nú þegar er óheimilt að leggja ökutækjum báðum megin í Dalseli, sambærilegum botnlanga til suðurs frá Engjaseli. Til að tryggja aðgengi og koma til móts við óskir hlutaðeigandi aðila er lagt til að óheimilt verði að leggja í suðausturkanti Engjasels.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Samgöngustjóri

*Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Engjasel frá botni botnlanga að Seljabraut, með viðeigandi umferðarmerkingum.*



Reykjavíkurborg

